



251. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi, þriðjudaginn 13. desember 2016, kl. 14:00.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Ari B. Thorarensen, Anna Björg Níelsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Ásta Stefánsdóttir.

Dagskrá:

- 1. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðvesturhorninu, fundargerð.**
Stjórn SOS samþykkir fyrir sitt leyti að taka þátt í endurskoðun svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á SV-horni landsins.
- 2. Vinna SASS fyrir SOS.**
Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, kom inn á fundinn. Fór hann yfir vinnu SASS fyrir SOS. Skrifað var undir samning um verkefnið.
- 3. Greining á úrgansmálum á starfssvæði SOS.**
Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, Börkur Brynjarsson, Tæknisviði uppsveita og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sátu fundinn undir þessum lið. Börkur kynnti verkefni uppsveitanna og Flóa sem snýr að nýtingu á seyru. Rætt var um mismunandi leiðir í sorpflokkun, grenndarsvæði og sorphirðu í sumarhúshverfum ásamt fleiru. Stefán kynnti stöðu á því verkefni sem hann er að vinna, fór yfir „talnasöfnun“, hugleiðingar um umsýslugjald og ræddi næstu skref.
- 4. Önnur mál.**
Stefnt er að stjórnarfundum fimmtudaginn 19. janúar kl. 13 í Rangárvallasýslu.

Fundi slitið kl. 16:30.